

REGLUGERÐ

13

29. jan.

um holræsi í Hvolsvallarkauptúni í Rangárvallasýslu.

1. gr.

Pegar hreppurinn (Hvolhreppur) hefur látið leggja holræsi í veg, götu eða annað opið svæði, eða þar sem hreppurinn hefur tekið að sér viðhald og endurnýjun eldri holræsa, er þeim húseigendum, er þar eiga hús eða í námunda við, skylt að leggja á sinn kostnað ræsi frá húsinu, sem flytji allt skulp frá því út í aðalræsið.

Regnvatn af húsum og lóðum skal einnig, eftir því sem unnt er, leiða í ræsið.

Vanræki einhver húseigandi að láta gera ræsi, skal hreppsnefnd heimilt, með hæfilegum fyrirvara, að vinna verkið á kostnað húseigandans.

Bannað er að leiða frárennsli úr gripahúsum í holræsi hreppsins.

2. gr.

Áður en húseigandi byrjar að leggja ræsi sitt, skal hann skýra oddvita eða þeim, sem hreppsnefnd hefur falið umsjón með lagningu holræsa frá því og fá samþykki þar til.

Skylt er húseiganda að hlýða fyrirmælum umsjónarmanns í öllu því, er að tilhögun og lagningu ræsanna lýtur, enda hafi umsjónarmaður ávallt eftirlit með því, að vel og örugglega sé frá öllu gengið.

3. gr.

Kostnaður allur við aðalholræsakerfið greiðist úr hreppssjóði. Til að standast þann kostnað, svo og viðhald aðalholræsakerfisins, ber hverjum húseiganda eða íbúðareiganda, sem á hús við götu, veg eða opið svæði, þar sem holræsi er lagt, að greiða tengigjald um leið og hann tengir ræsi við aðalholræsi, kr. 1000.00, miðað við hús með einni íbúð.

Hækkar gjald þetta um kr. 300.00 við hverja íbúð í húsinu umfram eina, sé eigandinn hinn sami að öllum íbúðunum.

Verksmiðjur, sölubúðir, þvottahús, félagsheimili, sláturhús, frystihús, iðnfyrirtæki o. fl. þess háttar, greiða tengigjald kr. 1500.00.

Auk tengigjaldsins skal húseigandi eða íbúðareigandi greiða árlegt holræsagjald til hreppsins, kr. 200.00 af hverju húsi (eða íbúð) og enn fremur 5% af fasteignamati hússins.

Ef fleiri en ein íbúð er í húsi, skal greiða kr. 200.00 fyrir hverja eina sem umfram er.

4. gr.

Hið árlega holræsagjald, svo og tengigjald, getur hreppsnefnd hækkað eða lækkað eftir atvikum um allt að 50%, þó skal niðurbjófnun gjaldsins á hverjum tíma miðast við nauðsynlegustu þarfir.

5. gr.

Holræsagjaldið greiðist af húseiganda og er hann einn ábyrgur fyrir greiðslu þess gagnvart hreppsnefnd.

Kröfur, sem hreppsnefndin kann að öðlast samkvæmt reglugerð þessari, má taka lögtaki á kostnað gjaldanda, og eru gjöld þessi tryggð með lögveði í húseigninni í næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsveðrétti fyrir hvers konar samnings- og aðfararveði.

Gjalddagi holræsagjaldsins er 1. maí ár hvert.

Gjaldið greiðist oddvita hreppsins eða þeim, sem hreppsnefnd felur innheimtu þess.

B 3

13

6. gr.

29. jan. Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 kr., nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Með mál út af brotum gegn reglugerðinni skal fara að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Hvolhrepps hefur samið og samþykkt og gerð er samkv. lögum nr. 15 20. júní 1923, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 29. janúar 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

14

1. febr.

REGLUR

um notkun matarleifa af Keflavíkurflugvelli til skepnufóðurs.

1. gr.

Óheimilt er að nota matarleifar frá varnarliðinu eða verktökum á Keflavíkurflugvelli til skepnufóðurs (svínafóðurs), nema að fengnu leyfi landbúnaðarráðuneytisins. Umsókn um slíkt leyfi skal fylgja nákvæm lýsing á suðutækjum þeim, sem sjóða á matinn í, afkastagetu þeirra, staðsetningu tækjanna, gripafjölda búsins og lýsing á girðingum umhverfis gripahús, helzt ásamt uppdrætti.

2. gr.

Allar matarleifar, sem ætlaðar eru til skepnufóðurs, skal sjóða í ½ klukkustund við 100° C. eða tilsvarendi skemmri tíma, ef um suðu undir þrýstingi er að ræða. Suðan skal framkvæmd í sérstöku herbergi, og má ekki vera beinn inngangur þaðan í gripahús. Herbergi þetta skal steypt í hólf og gólf, eða veggir klæddir asbesti eða öðrum efnum, sem auðvelt er að þrifa. Frárennsli og nægt vatn skal vera í húsinu, svo auðvelt sé að þrifa herbergið og sótthreinsa og hæg aðstaða til þvottar og snyrtingar.

3. gr.

Þeir menn, sem annast flutning á ósoðnum mat og suðu hans, skulu klæddir sérstökum hlífðarfötum og stigvélum, sem eingöngu skal nota við þau störf, og geymd skulu í sérstökum klefa í eða við suðuherbergið. Þeir, sem annast flutning og suðu á matarleifum, mega ekki hirða aðra gripi en þá, sem fóðrið er ætlað, og er óheimill umgangur við annað húfé. Óheimilt er að fóðra önnur dýr en svín á matarleifum frá varnarliðinu, og á þeim húum, þar sem slíkar matarleifar eru notaðar, er með öllu óheimilt að hafa alifugla eða nokkur önnur húsdýr en svín. Flutningur á matarleifum skal fara fram í lokuðum ílátum eða lokuðum vögnum, og er óheimilt að nota þá vagna til annars flutnings nema sótthreinsun hafi áður farið fram samkvæmt fyrirsögn dýralæknis.

Þau bú, þar sem svín eru alin á matarleifum, skulu vandlega afgirt að því er nær til svínahúsa, fóðurgeymslu, fóðursuðu og húsaхлаða og næsta umhverfis þeirra mannvirkja allra, sem notuð eru í sambandi við svínaræktina. Skal girðing vera tvöföld og hver girðing gerð úr þéttu vírneti og gaddavírsstrengur undir og ofan við netið. Fjarlægð milli staura ekki meiri en 3 metrar, en fjarlægð milli girðinga